

Kortlagning aftakavinda á Suðvesturlandi – Mars 2017. Guðrún Nína Petersen, Hálfván Ágústsson og Ólafur Rögnvaldsson, Veðurstofu Íslands.

Hvassviðri og stormar hamla oft samgöngum. Algengustu lokanir á þjóðvegum landsins verða þegar djúpar og krappar lægðir fara hjá landinu og óveður og vindstrengir myndast nærri fjöllum. Vegna landslags er vindafar afar breytilegt, bæði milli landshluta og innan þeirra. Vindstrengir eru jafnan mjög staðbundnir og vegalokanir, þegar þeirra er þörf, því yfirleitt bundnar við stutta vegarkafla, en í nágrenni getur verið mun skaplegra veður.

Með tilkomu sjálfvirkra veðurmælinga og uppsöfnun gagna úr þeim, hefur skapast grundvöllur til að gera greiningar á aftakaveðurhæð, en það er tölfræðileg aðferð til að meta tíðni og vindstyrk fátíðra atburða. Frá 2004 hafa verið gerðir lofthjúpsreikningar í þéttriðnu neti fyrir Ísland. Með nýtingu niðurstaðna slíkra útreikninga við greiningu aftakavinda er hægt að kortleggja tíðni og styrk atburða, óháð mælineti. Í þessu verkefni eru stigin fyrstu skrefin í slíkri kortlagningu.

Kortlagningin er gerð fyrir Suðvesturland. Niðurstöður verkefnisins eru að hægt er að nota niðurstöður lofthjúpsreikninga sem innlagsgögn við greiningu á aftakavindum og búa til heilsteypt kort af t.d. 50 ára vindstyrk fyrir all Ísland. Slík kort myndu nýtast ýmsum aðilum og kynni að vera mikilvægt innlegg varðandi rekstur og viðhald vegakerfisins og við mat á vindálagi á mannvirki.